# Framkvæmdafréttir 13. tbl. /03



*Framkvæmdir við nýja brú yfir Þjórsá 4. apríl sl. Mynd: Ólafur Þór Gunnarsson.*

## Góð viðbrögð við endurnýjun áskriftar

Átak okkar við að lagfæra áskrifendalistann hefur gengið að óskum. Útsendingum hefur fækkað úr 1.700 í liðlega 1.300 og munar talsvert um það. Reyndar bætast stöðugt við endurnýjanir og nýjar áskriftir svo talan hækkar fljótt aftur. Það var talsvert álag á símaverði okkar á Ísafirði þegar mest gekk á og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina. Það barst einnig mikið af símbréfum og tölupósti. Greinilegt er að áskrifendur kunna að meta þetta framtak Vegagerðarinnar og fengum við margar kveðjur. Hér eru nokkrar sem bárust í tölvupóstinum:



- Um leið og ég þakka fróðlegar Framkvæmdafréttir, óska ég eftir áframhaldandi áskrift. - Er mjög ánægður með þetta blað. -Þakka allar „Framkvæmdafréttir" sem ég hefi fengið með skilum í mörg ár, væri þakklátur fyrir að fá þær áfram, ef það er mögulegt. - Að sjálfsögðu viljum við halda áfram að fá blaðið okkur til fróðleiks og ánægju. - Við viljum endilega vera áfram í áskrift. Þetta er virkilega gott fréttablað og skemmtilega uppsett og fróðlegt. - Ég óska eftir áframhaldandi áskrift að þessu ómissandi upplýsinga- og fréttariti Vegagerðarinnar. - Ég undirritaður óska eftir áframhaldandi áskrift af Framkvæmdafréttum sem eru bæði fróðlegar og gagnlegar. - Les rit þetta yfirleitt „spjald-anna á milli" og þykir góð lesning og fræðandi. - Um leið og ég þakka fyrir skemmtilegt fréttablað vil ég með pósti þess-um óska eftir áframhaldandi áskrift. - Um leið og við óskum eftir að fá Framkvæmdafréttir sendar áfram, viljum við þakka ykkar frábæra framtak. - Ég vil endilega fá áfram sendar

*Viktor Arnar Ingólfsson*
*ritstjóri skrifar*

*framhald á næstu síðu*

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 13. tbl. 11. árg. nr. 335 28. apríl 2003**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** (bréfsími 522 1109) eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

*framhald af forsíðu*

### Góð viðbrögð við endurnýjun áskriftar

Framkvæmdafréttir, gott að fá að fylgjast með starfsemi Vegagerðarinnar. - Mikið lesið rit hér á bæ, liggur á náttborðinu í staðinn fyrir biblíuna.- Það hefur verið virkilega gott að fá þetta blað í áskrift og vonandi verður það áfram. - Endurnýja hér með áskrift okkar með kærri þökk fyrir gott blað. Við notum þetta blað mikið og dáumst oft að þeim metnaði sem greinilega stendur að baki útgáfunni.- Ég hef mikinn áhuga á því að halda áskrift að fréttunum. Mér finnst efnið mjög áhugavert.- Óskað er eftir áframhaldandi áskrift að Framkvæmdafréttir, sem er mjög gott blað.- Með þökk fyrir frábærlega unnið rit. - Við viljum gjarnan halda áfram að fá Framkvæmdafréttir ykkar sem eru stofnuninni til sóma.

## Niðurstöður útboða

### Yfirborðsmerkingar, sprautumössun 2003 - 2004 03-038

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Yfirborðsmerkingar sprautumössun 2003 - 2004.

Helstu magntölur: Um er að ræða sprautumössun í Reykjanesumdæmi og Suðurlandsumdæmi. 1.500 km.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Vegmerking ehf., Reykjavík | 99.065.000 | 128,1 | 3.366 |
| 1 | Vegamál ehf., Reykjavík | 95.699.000 | 123,8 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 77.311.490 | 100,0 | -18.388 |

### Súgandafjarðarvegur (65), um Staðará 03-059

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Vestfjarðaumdæmi. Súgandafjarðarvegur (65), um Staðará. Um er að ræða lögn ræsis í Staðará, rif og urðun núverandi brúar og 400 m vegarkafla um ána.

Helstu magntölur: lengd 0,4 km, ræsalögn 27 m, fyllingar 12.200 m$^3$.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 8 | Brautin sf., Ketilseyri, Dýrafirði | 6.907.300 | 118,6 | 3.123 |
| 7 | Þórarinn Kristinsson, Selfossi | 6.448.690 | 110,7 | 2.664 |
| 6 | Sigurgeir G. Jóhannsson ehf., Bolungarvík | 6.322.705 | 108,5 | 2.538 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 5.825.885 | 100,0 | 2.041 |
| 5 | Kubbur ehf., Ísafirði | 5.477.400 | 94,0 | 1.693 |
| 4 | Græðir sf., Önundarfirði | 5.142.900 | 88,3 | 1.358 |
| 3 | Tönnin ehf., Reykjavík | 4.980.800 | 85,5 | 1.196 |
| 2 | Úlfar ehf., Flateyri | 4.661.150 | 80,0 | 876 |
| 1 | Gröfuþjónusta Bjarna ehf., Suðureyri | 3.784.700 | 65,0 | 0 |

### Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun 01-018

Tilboð opnuð 22. apríl 2003, nöfn bjóðenda. Reykjanesumdæmi og Reykjavíkurborg. For- og verkhönnun ásamt gerð útboðsgagna fyrir færslu Hringbrautar í Reykjavík til suðurs á kaflanum rétt vestan við Þorfinnstjörn og að Rauðarárstíg um 1,2 km. Um er að ræða hönnun á færslu Hringbrautar sem er sex akreina vegur og mislægum gatnamótum við Bústaðarveg, nýjum ljósagatnamótum við Njarðargötu auk ljósagatnamóta við Barónsstíg ásamt tengingum, gangstígum og tvennum undirgöngum. Auk þess skal endurhanna gömlu Hringbrautina og tengingar út frá henni. Einnig skal hanna og gera útboðsgögn fyrir nauðsynleg mannvirki fyrir umferð á framkvæmdatíma.

Val ráðgjafa fer fram á grundvelli hæfnismats og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni ráðgjafa og verðtilboð.

Um verkið gilda Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf, ÍST 35, 1. útgáfa 1992-03-01.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Verkhönnun skal lokið fyrir 1. nóvember 2003.

Síðari opnunarfundur verður haldinn á sama stað mánudaginn 28. apríl 2003 kl. 14:15 þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og tilboðsskrá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Einungis verða lesin upp nöfn bjóðenda og samanlögð þóknun af tilboðseyðublöðum.

**Bjóðendur**

VSÓ ráðgjöf ehf.
Fjölhönnun ehf., verkfræðistofa
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Hönnun hf.
Hnit hf.

### Sólheimavegur (354) 2003 03-051

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Suðurlandsumdæmi. Gerð Sólheimavegar (354) frá Stærri-Bæjarafleggjara að Eyvík, um 1,2 km.

Helstu magntölur: fyllingar 5.025 m$^3$, fláafleygar 1.755 m$^3$, skeringar 1.775 m$^3$, neðra burðarlag, óunnið efni 5.140 m$^3$, efra burðarlag, unnið efni 1.340 m$^3$, ræsi 24 m, girðingar 2.760 m, tvöföld klæðing 7.800 m$^2$, frágangur fláa 12.700 m$^2$.

Verki skal að fullu lokið 15. júlí 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 7 | Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. | 13.282.800 | 101,8 | 3.170 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 13.050.300 | 100,0 | 2.938 |
| 6 | Klæðning ehf., Kópavogi | 12.660.500 | 97,0 | 2.548 |
| 5 | Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni | 11.040.500 | 84,6 | 928 |
| 4 | Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Árnessýslu | 10.845.500 | 83,1 | 733 |
| 3 | Vélgrafan ehf., Selfossi | 10.252.650 | 78,6 | 140 |
| 2 | Tönnin ehf., Reykjavík | 10.165.350 | 77,9 | 53 |
| 1 | Sigurjón Á. Hjartarson, Brjánsstöðum | 10.112.400 | 77,5 | 0 |

## Áhaldahús Patreksfirði, viðhald 2003 03-060

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Vestfjarðaumdæmi. Áhaldahús Patreksfirði, viðhald 2003. Um er að ræða að klæða útveggi eldra verkstæðishússins á Patreksfirði með timburklæðningu, mála bæði húsin og gera við þök og þakkanta.

Helstu magntölur: veggklæðning 140 $m^2$, veggjamálun 275 $m^2$, málun glugga og pósta 335 m, málun þakkanta 125 $m^2$, þakmálun 440 $m^2$.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003. Heildarverktími skal þó ekki vera lengri en 7 vikur.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 5 | Spýtan ehf., Ísafirði | 6.994.600 | 263,9 | 4.397 |
| 4 | Trésmiðjan Eik ehf., Tálknafirði | 4.068.663 | 153,5 | 1.471 |
| 3 | Viðhald fasteigna ehf., Hafnarfirði | 3.500.050 | 132,0 | 903 |
| 2 | G.S.G ehf., Búðardal | 3.200.300 | 120,7 | 603 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 2.650.750 | 100,0 | 53 |
| 1 | Byggingarfélagið Byggir ehf., Patreksfirði | 2.597.500 | 98,0 | 0 |

# Auglýsingar útboða

## Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar 03-069

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í lagfæringu á 300 m löngum vegi og lagfæringu og gerð samtals 750 m langra varnargarða á Kollumúlavegi við Jökulsá í Lóni.

Helstu magntölur: fylling í veg 5.200 $m^3$, fylling í varnargarða 12.500 $m^3$, grjótvörn 4.400 $m^3$.

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 28. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 12. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Vatnsnesvegur (711), Tjarnará - Þórsá 2003 02-098

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi vestra, óskar eftir tilboðum í verkið Vatnsnesvegur (711), Tjarnará - Þórsá 2003. Um er að ræða styrkingu á núverandi vegi á 8,94 km löngum kafla.

Helstu magntölur: fylling og fláafleygar 3.300 $m^3$, burðarlag 18.100 $m^3$, malarslitlag 4.400 $m^3$, frágangur fláa 29.000 $m^2$.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 29. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 12. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Festun og yfirlögn á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra 2003-2004 03-007

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun vega með froðubiki eða bikþeytu og lögn tvöfaldrar klæðingar á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, á árunum 2003 og 2004. Um er að ræða 38,7 km á 15 vegarköflum.

Helstu magntölur: Festun með froðubiki eða bikþeytu: árið 2003: 104.300 $m^2$, árið 2004: 180.700 $m^2$. Tvöföld klæðing: árið 2003: 103.200 $m^2$, árið 2004: 178.400 $m^2$.

Verklok áfanga eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi, í Borgarnesi, á Ísafirði, á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 28. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 12. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Festun og yfirlögn á Norðurlandi eystra og Austurlandi 2003-2004 03-061

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun vega með froðubiki eða bikþeytu og lögn klæðingar og malbiks á Norðurlandi eystra og Austurlandi á árunum 2003 og 2004. Um er að ræða 35,7 km á 11 vegarköflum.

Helstu magntölur: Festun með froðubiki eða bikþeytu: árið 2003: 145.500 $m^2$, árið 2004: 119.600 $m^2$ . Einföld klæðing: árið 2003: 51.500 $m^2$, árið 2004: 65.200 $m^2$. Tvöföld klæðing: árið 2003: 91.000 $m^2$, árið 2004: 52.600 $m^2$. Malbik: árið 2003: 1.570 $m^2$.

Verklok áfanga eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Akureyri, á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 28. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 19. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri 03-047

Vegagerðin, Vestfjarðaumdæmi, óskar eftir tilboðum í endurlögn Tálknafjarðarvegar á 1,04 km löngum kafla frá vegamótum við Grunnskólann að Hrauni. Ennfremur skal leggja nýja heimreið að Sveinseyri ásamt tilheyrandi vegamótum. Lagfæra þarf tvær tengingar, að laxeldisstöð og að Hrauni.

Helstu magntölur: fylling og fláafleygar 6.500 $m^3$, neðra burðarlag 1.700 $m^3$, efra burðarlag 800 $m^3$.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 28. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 12. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

# Niðurstöður útboða

## Strandavegur (643), Ásmundarnes - Illaholt 03-003

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Vestfjarðaumdæmi. Strandavegur (643), Ásmundarnes - Illaholt.

Um er að ræða endur- og nýlagningu Strandavegar frá Ásmundarnesi, um Reykjarvík, Álfhól, Brúará að Illaholti. Heildarlengd þessa vegarkafla er 5,3 km.

Helstu magntölur eru: bergskering 19.500 $m^3$, fyllingar og fláafleygar 67.000 $m^3$, neðra burðarlag 13.000 $m^3$.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 6 | Borgarverk Borgarnesi ehf. og Jörvi hf. | 59.871.500 | 134,6 | 17.853 |
| 5 | Klæðning ehf., Kópavogi | 57.318.000 | 128,9 | 15.300 |
| 4 | Kubbur ehf., Ísafirði | 49.808.808 | 112,0 | 7.790 |
| 3 | Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni | 49.464.000 | 111,2 | 7.446 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 44.467.800 | 100,0 | 2.449 |
| 2 | E.K. Vélar ehf., Kópavogi | 43.638.500 | 98,1 | 1.620 |
| 1 | Fylling ehf., Hólmavík | 42.018.500 | 94,5 | 0 |

## Yfirlagnir á Reykjanesi 2003, malbik 03-011

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Reykjanesumdæmi. Yfirlagnir á Reykjanesi 2003, malbik.

Helstu magntölur eru: endurlögn með upphitun og viðbótarmalbiki (repave) 58.000 $m^2$, yfirlögn 42.000 $m^2$, malbik (viðbót í endurlögn innifalin) 8.300 tonn.

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| | **Verk I** | | | |
| 2 | Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas | 50.830.000 | 101,9 | 3.558 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 49.861.000 | 100,0 | 2.589 |
| 1 | Loftorka ehf., Garðabæ | 47.272.500 | 94,8 | 0 |
| | **Verk II** | | | |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 43.662.000 | 100,0 | 7.700 |
| 4 | Loftorka ehf., Garðabæ | 41.014.000 | 93,9 | 5.052 |
| 2 | Malbik og völtun ehf., Reykjavík | 36.555.300 | 83,7 | 593 |
| 3 | Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík | 36.328.100 | 83,2 | 366 |
| 1 | Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas | 35.962.000 | 82,4 | 0 |
| | **Verk III** | | | |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 14.170.000 | 100,0 | 2.009 |
| 4 | Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas | 13.328.400 | 94,1 | 1.168 |
| 2 | Malbik og völtun ehf., Reykjavík | 12.876.810 | 90,9 | 716 |
| 3 | Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík | 12.310.480 | 86,9 | 150 |
| 1 | Loftorka ehf., Garðabæ | 12.160.600 | 85,8 | 0 |

## Yfirlagnir á Austurlandi 2003 03-021

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Austurlandsumdæmi. Yfirlagnir á Austurlandi 2003. Um er að ræða yfirlagnir, nýlögn og viðgerðir með klæðingu.

Helstu magntölur: yfirlögn 557.000 $m^2$, klæðing neðra lag 760 $m^2$, hjólfarayfirlögn og ræmur 31.000 $m^2$, bætur og stútar 60.000 $m^2$.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 6 | Árni Helgason ehf., Ólafsvík | 54.391.840 | 107,1 | 21.609 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 50.807.900 | 100,0 | 18.025 |
| 5 | Borgarverk Borgarnesi ehf., | 49.507.910 | 97,4 | 16.725 |
| 4 | Slitlag ehf., Hellu | 43.846.337 | 86,3 | 11.064 |
| 3 | Malarvinnslan ehf. | 39.640.610 | 78,0 | 6.858 |
| 2 | Klæðning ehf., Kópavogi | 38.078.235 | 74,9 | 5.296 |
| 1 | Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. | 32.782.432 | 64,5 | 0 |

**Leiðrétting á kostnaðaráætlun**

Við opnun tilboða í þetta verk var lesin upp röng kostnaðaráætlun. Rétt kostnaðaráætlun er 50.807.900 kr. og er samanburður tilboða birtur miðað við þá áætlun.

## Vaðnesvegur (3745) frá Biskupstungnabraut að ristarhliði Vaðness 03-058

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Suðurlandsumdæmi, fyrir hönd félags landeigenda í Vaðnesi. Gerð Vaðnesvegar (3745) frá Biskupstungnabraut að ristarhliði Vaðness, um 2,6 km.

Helstu magntölur eru: fláafleygar 1.010 $m^3$, skeringar 940 $m^3$, neðra burðarlag, óunnið efni 9.555 $m^3$, efra burðarlag, unnið efni 1.810 $m^3$, tvöföld klæðing 14.800 $m^2$, frágangur fláa 15.550 $m^2$.

Verki skal að fullu lokið 25. júní 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| -- | Áætlaður verktakakostnaður | 14.370.380 | 100,0 | 4.854 |
| 8 | Sigurjón A. Hjartarson, Brjánsstöðum | 13.806.825 | 96,1 | 4.290 |
| 7 | Berglín ehf., Stykkishólmi | 13.547.050 | 94,3 | 4.031 |
| 6 | Ræktunarsamband Flóa og Skeiða | 11.680.250 | 81,3 | 2.164 |
| 5 | Klæðning ehf., Kópavogi | 10.865.500 | 75,6 | 1.349 |
| 4 | Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Árnessýslu | 10.800.000 | 75,2 | 1.284 |
| 3 | Bakkaverk ehf., Selfossi | 10.764.135 | 74,9 | 1.248 |
| 2 | Vélgrafan ehf., Selfossi | 9.938.050 | 69,2 | 422 |
| 1 | Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni | 9.516.500 | 66,2 | 0 |

## Víðimýrarvegur (7681) - Löngumýrarvegur (7691) 2003 02-101

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Norðurlandsumdæmi vestra. Víðimýrarvegur (7681) - Löngumýrarvegur (7691) 2003.

Um er að ræða endurbyggingu Víðimýrarvegar og styrkingu á Löngumýrarvegi í Skagafirði.

Helstu magntölur: fyllingar og fláafleygar 2.900 $m^3$, neðra burðarlag 6.000 $m^3$, efra burðarlag 1.600 $m^3$, einföld klæðing 15.000 $m^2$, frágangur fláa 13.100 $m^2$.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Klæðning ehf., Kópavogi | 10.709.600 | 116,2 | 1.955 |
| 3 | S.E. Verktakar ehf., Sauðárkróki | 9.540.473 | 103,5 | 786 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 9.215.000 | 100,0 | 460 |
| 2 | Fjörður sf., Sauðárkróki | 8.961.263 | 97,2 | 207 |
| 1 | Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki | 8.754.605 | 95,0 | 0 |

## Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003 02-103

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Norðurlandsumdæmi vestra. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003.

Helstu magntölur: efnisvinnsla á 44.000 $m^3$ í 11 námum.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 48.664.000 | 100,0 | 13.221 |
| 2 | Björn og Gylfi sf., Fitjakoti Kjalarnesi | 54.415.835 | 111,8 | 18.973 |
| 1 | Króksverk ehf., Sauðárkróki | 35.443.000 | 72,8 | 0 |

## Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi 2003 03-036

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Suðurlandsumdæmi. Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi 2003.

Helstu magntölur: yfirlagnir 352.000 $m^2$, tvöföld klæðing 29.000 $m^2$. burðarlag 12.000 $m^3$.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 7 | Borgarverk Borgarnesi ehf. | 52.420.000 | 115,4 | 21.420 |
| 6 | Malarvinnslan hf., Egilsstöðum | 47.884.000 | 105,4 | 16.884 |
| 5 | Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Árnessýslu | 46.320.000 | 102,0 | 15.320 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 45.413.138 | 100,0 | 14.413 |
| 4 | Klæðning ehf., Kópavogi | 39.580.000 | 87,2 | 8.580 |
| 3 | Slitlag ehf., Hellu | 37.550.500 | 82,7 | 6.551 |
| 2 | Jötunn ehf., Hellu | 34.913.700 | 76,9 | 3.914 |
| 1 | Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi | 31.000.000 | 68,3 | 0 |

## Hafnarvegur Húsavík (859), Norðausturvegur - Norðurgarður 03-029

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Norðurlandsumdæmi eystra, og Húsavíkurbær. Hafnarvegur Húsavík (859), Norðausturvegur - Norðurgarður.

Um er að ræða endurbyggingu og breytingar vegarins um Naustagil og hafnarsvæði að Norðurgarði, alls um 585 m langan kafla. Meðal verkþátta sem vinna þarf er losun og efnisvinnsla á burðarlagsefnum, síulagi og grjóti, útlögn á síulagi, fyllingum, burðarlagsefnum og malbiki, endurröðun og nýlögn grjótvarnar, lagning niðurfalla og fráveitulagna, gerð gangstíga, uppsetning götulýsingar og lagning rafmagnsstrengja. Vegstæði liggur að hluta til í sjó.

Helstu magntölur: fyllingar og síulag 7.200 $m^3$, neðra burðarlag 3.500 $m^3$, efra burðarlag 1.300 $m^3$, grjótvörn 2.200 $m^3$, malbik á götur 5.000 $m^2$, gangstígar 1.400 $m^2$, ofanvatnsræsi 300 m.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 34.522.404 | 100,0 | 7.541 |
| 3 | E.K. Vélar ehf., Kópavogi | 38.846.600 | 112,5 | 11.865 |
| 2 | Höfðavélar ehf., Húsavík | 36.288.798 | 105,1 | 9.308 |
| 1 | Reynir B. Ingvarsson, Brekku Aðaldal | 26.981.197 | 78,2 | 0 |

## Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Foss - Einholtsvegur 03-050

Tilboð opnuð 14. apríl 2003. Suðurlandsumdæmi. Gerð Skeiða- og Hrunamannavegar (30) frá Fossi að Einholtsvegi, um 6 km.

Helstu magntölur: fláafleygar 4.685 m3, skeringar 800 $m^3$, neðra burðarlag, óunnið efni 4.380 $m^3$, efra burðarlag, unnið efni 5.270 $m^3$, tvöföld klæðing 40.180 $m^2$, frágangur fláa 39.350 $m^2$.

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 7 | Sigurjón Á. Hjartarson, Brjánsstöðum | 18.505.450 | 121,9 | 5.040 |
| 6 | Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Árnessýslu | 16.400.000 | 108,0 | 2.935 |
| 5 | Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi | 16.210.800 | 106,8 | 2.746 |
| 4 | Klæðning ehf., Kópavogi | 15.941.500 | 105,0 | 2.476 |
| 3 | Fögrusteinar ehf., Árnessýslu | 15.221.220 | 100,3 | 1.756 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 15.180.670 | 100,0 | 1.715 |
| 2 | Vélgrafan ehf., Selfossi | 14.761.900 | 97,2 | 1.297 |
| 1 | Gröfutækni ehf., Flúðum | 13.465.250 | 88,7 | 0 |

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún | 03 |
| 03-055 Sl. Villingaholtsvegur (305), Vatnsendi - félagsheimili | 03 |
| 03-054 Sl. Uxahryggjarvegur (52) um Sandkluftarvatn | 03 |
| 03-049 Vf. Djúpvegur (61), Forvaði - Grindarkrókur | 03 |
| 03-048 Vf. Djúpvegur (61), Kambsnes - Hattardalur | 03 |
| 03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli | 03 |
| 03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú | 03 |
| 03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003 | 03 |
| 03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð | 03 |
| 03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls | 03 |
| 02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá | 03 |
| 03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813) | 03 |
| 02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu | 03 |
| 03-042 N.ey. Eyjafjarðarbraut eystri (829), Litli Hamar - Rútsstaðir | 05.03 |
| 02-100 N.v. Skagavegur (745) Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003 | 05.03 |
| 03-040 N.ey. Norðausturvegur (85), Breiðavík - Bangastaðir | 05.03 |
| 03-001 Vf. Djúpvegur (61), Kleifar - Hestur | 05.03 |
| 02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76) um Hofsá 2003 | 05.03 |
| 03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun | 05.03 |
| 03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Vífilsstaðavegur | 05.03 |
| 03-046 Vf. Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði | 05.03 |
| 03-037 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skagastrandarvegur - Skúfur | 05.03 |
| 02-063 Sl. Efnisvinnsla á Norðurlandi eystra 2003 | 05.03 |
| 02-067 Sl. Efnisvinnsla á Suðurlandi 2003 | 05.03 |
| 03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Reynishverfi | 05.03 |
| 00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur | 05.03 |
| 03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging. II. áfangi | 05.03 |
| 03-070 Rn. Snjómokstur og hálkuvörn í Reykjanesumdæmi 2003-2008 | 05.03 |

| Útboð sem hafa verið auglýst | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 03-061 N.ey. Festun og yfirlögn á Norðurlandi eystra og Austurlandi 2003-2004 | 28.04.03 | 19.05.03 |
| 03-007 Sl. Festun og yfirlögn á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra 2003-2004 | 28.04.03 | 12.05.03 |
| 03-047 Vf. Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri | 28.04.03 | 12.05.03 |
| 02-098 N.v. Vatnsnesvegur (711), Tjarnará - Þórsá 2003 | 28.04.03 | 12.05.03 |

| Útboð sem hafa v. auglýst, framh. | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar | 28.04.03 | 12.05.03 |
| 03-066 Au. Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004 | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-008 Vl. Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004 | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-065 Vl. Útnesvegur (574), Saxhóll - Gufuskálamóða | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-012 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, klæðing | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-053 Sl. Hringvegur (1) um Klifanda, vegur og varnargarður | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-057 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut, eftirlit | 14.04.03 | 12.05.03 |
| 03-041 Au. Norðausturvegur (85), Öxarfjarðarheiðarvegur - Arnarstaðir | 07.04.03 | 28.04.03 |
| 03-062 Vf. Vetrarþjónusta, Brjánslækur - Bíldudalur, og bleyting í Barðastrandasýslu. | 07.04.03 | 28.04.03 |
| 03-039 Sl. Þjónusta vega, snjómokstur og hálkuvörn í Rangárvallasýslu (Þjórsá-Markarfljót) 2003-2008 | 07.04.03 | 05.05.03 |
| 01-016 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnar-firði, Lækjargata - Ásbraut | 24.03.03 | 28.04.03 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun | 24.03.03 | 22.04.03 |
| 03-051 Sl. Sólheimavegur (354) 2003 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-036 Sl. Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi 2003 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-050 Sl. Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Foss - Einholtsvegur | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-058 Sl. Vaðnesvegur (3745), frá Biskupstungnabraut að ristarhliði Vaðness | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-011 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, malbik | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-060 Vf. Áhaldahús Patreksfirði, viðhald 2003 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-059 Vf. Súgandafjarðarvegur (65), um Staðará | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-003 Vf. Strandavegur (643), Ásmundarnes - Illaholt | 24.03.03 | 14.04.03 |
| 03-038 N.v. Yfirborðsmerkingar, sprautumössun 2003-2004 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 02-101 N.v. Víðimýrarvegur (7681) - Löngumýrarvegur (7691) 2003 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 02-103 N.v. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-029 N.ey. Hafnarvegur Húsavík (859), Norðausturvegur - Norðurgarður | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-021 Au. Yfirlagnir á Austurlandi 2003 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-002 Vf. Hólmavíkurvegur (67) Djúpvegur - Höfðatún | 17.03.03 | 31.03.03 |
| 03-043 N.ey. Kísilvegur (87) um Geitafell | 17.03.03 | 31.03.03 |
| 03-019 Au. Hróarstunguvegur (925), Hallfreðarstaðir - Þórisvatn | 17.03.03 | 31.03.03 |

| Útboð á samningaborði, framh. | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 03-030 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Ólafsfjarðarós | 10.03.03 | 31.03.03 |
| 03-015 Rn. Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, hönnun | 03.03.03 | 31.03.03 |
| 03-018 Au. Suðurfjarðavegur (96), Handarhald - Hundaþúfa | 10.03.03 | 24.03.03 |
| 03-028 N.ey. Aðaldalsvegur (845), Helgastaðir - Lindahlíð | 10.03.03 | 24.03.03 |
| 03-005 Vf. Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2003 | 24.02.03 | 10.03.03 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 03-044 Vl. Skorradalsvegur (508), Dragavegur - Hvammur, 1. áfangi *Þróttur ehf., Skilmannahreppi* | 31.03.03 | 11.04.03 |
| 03-027 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð, niðurrekstrarstaurar *Loftorka Borgarnesi ehf.* | 24.02.03 | 07.03.03 |
| 02-019 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð *Háfell ehf. og Eykt ehf., Reykjavík* | 10.03.03 | 15.04.03 |
| 03-006 Vl. Bæjarsveitarvegur (513), Borgarfjarðarbraut - Laugarholt *Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni* | 17.03.03 | 21.03.03 |

| Fellt af lista |
|---|
| 02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005 |



Myndin hér að ofan birtist á forsíðu síðasta tölublaðs og var þess getið að hún væri tekin í Dynjandisvogi. Nákvæmara hefði sennilega verið Dynjandisdalur. Jakob Hálfdanarson minjavörður Vegagerðarinnar benti okkur á myndina hér að neðan sem er úr safni Jóns Víðis, tekin árið 1958. Eins og sjá má er hún tekin á mjög svipuðum stað. Eftirtaldir eru á myndinni samkvæmt merkingu: Svanur Sveinsson, Gunnar Pétursson og Þorsteinn Ólafsson.








Langbitar hnoðaðir saman. Tveir aðstoðarmenn með bresk-um hnoðmanni.

Haraldur Þórarinsson í Kvistási sendi okkur nokkrar myndir frá smíði brúarinnar yfir Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum 1946-47 en hann kom þar að verki.

Í Tímariti Verkfræðingafélagsins, 5. hefti 1947, er ítarleg grein um þessa brúargerð eftir Árna Pálsson verkfræðing. Þar eru einnig nokkrar myndir.

Árni hannaði brúna og sá um verkfræðilega stjórn með aðstoð Snæbjarnar Jónassonar verkfræðings og síðar vegamálastjóra. Verkstjóri var Sigurður Björnsson. Strengirnir voru gerðir í smiðjum British Ropes Ltd. og stálbitar voru gerðir hjá Dorman Long & Co.

Vinna hófst um miðjan júní 1946 við smíði verkamannaskála beggja megin árinnar. Um tíu dögum síðar var byrjað að grafa fyrir turnstöpli að vestan. Steypuvinna hófst um miðjan júlí og var lokið steypu landstöpla í byrjun ágúst. Hófst þá smíði verkpalla hinna 15,5 m háu turnstoða. Strengir og stálbitar komu til landsins í byrjun september og fluttir á brúarstæðið um haustið. Vinna hófst að nýju um miðjan júní 1947 og störfuðu 30 menn við verkið. Gólf brúarinnar var steypt 12. ágúst og var brúin tekin í notkun 20. september.



*Breskir iðnaðarmenn sáu um stálvinnu og verkstjóri þeirra var Mr. Sullivan frá Dorman Long.*



*Einn af Bretunum hét Mikael og hann er hér á morgungöngu á brúarstrengjunum.*